

Reykjavík 07.05 2004
Allsherjarnefnd Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 130/2385
komudagur 7.5.2004

Óskað hefur verið eftir umsögn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins um frumvarp til laga um útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, eignarhald á fjölmiðlum. SSR barst þessi beiðni síðdegis á fimmtudegi og er gert að skila umsögn eigi síðar en í dag, föstudag 7. maí 2004. Augljóslega er þetta allt of skammur tími til að hægt sé að veita vandaða umsögn um svo viðamikil mál. Því fer SSR fram á fá að minnsta kosti vikufrest til að skila umsögn. Að mati SSR er það lágmarkskrafa að ætlaður sé góður tími til að ræða svo stórt mál er varðar ekki bara starfsmenn fjölmiðla heldur þjóðina alla. SSR skilur ekki þann hraða sem er á málinu. Að mati SSR er hann til að koma í veg fyrir lýðræðislega umræðu. Að öðru leyti telja SSR að frumvarpið gangi of langt hvað varðar eignarhald á fjölmiðlum og sér ekki að það tryggi fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. SSR telur að það ætti að skoða nánar þær tillögur sem koma fram í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um fjölmiðla, t.d. hvað varðar leiðir til að tryggja sjálfstæði ritstjórna gagnvart eigendum og stjórnámálamönnum.

Fh. Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins
Jóhanna Margrét Einarsdóttir
formaður